

Starfsskýrsla Sæfara 2024 – Skýrsla stjórnar.

Starfsárið 2024 fór fram með hefðbundnum hætti að mörgu leiti, veðurfar hafði þó stór áhrif á starfsemi ársins en árið var með afbrigðum kalt. Þessi ótíð hafði áhrif á vetrarstarf og svo siglinganámskeið sumarsins.

Siglinganámskeið ársins fóru fram með hefðbundnum hætti í ár og í ár sóttu 85 börn námskeið Sæfara. Birna Kristín, Einar Torfa og svo Torfi Einars höfðu veg og virðingu af námskeiðum ársins. Eins og nefnt var áður var veður óhagstætt og sjórinn var óvenju kaldur síðasta sumar. Nauðsyn var að fjárfesta í nýjum þykkari blaut búningum fyrir börnin og naut Sæfari aðstoðar Sjótkæni við þau kaup og sendum við þeim þakkið okkar. Nýir og betri búningar gerðu krökkunum mögulegt að æfa sig á þeim siglingafærum við boðið er uppá.

Fullorðins starf fór einnig fram með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu en kuldi setti strik í reikninginn varðandi vetrarstarfið. Veður reyndist annað hvort of stillt þannig að sjórinn fraus eða of hvasst þannig að ómöglegt var að róa. Boðið var upp á veltu og tækniæfingar í Sundhöll Ísafjarðar og er Halldóri og Önju þakkað sitt óeigingjarna starf. Um sumarið var boðið upp grunnnámskeið í skútusiglingum og var það vel sótt og var fjöldi þátttakenda 8. Æft var á pollinum á bátum Sæfara. Að venju var sjósundshluti hlaupahátíðarinnar í aðstöðu Sæfara og sáu félagar Sæfara um öryggismál og fylgdu bátum eftir. Kaykak róður stundaður að kappi, bæði hefðbundnir og svo nýir „sit on top“ bátar, er það ánægjulegt að sjá nýtt sjósport á pollinum, einnig hafa sjóbretti verið að ryðja sér til rúms. Þessi nýju svið sjósportsins leiddi til fjölgunar félaga á árinu og voru þeir 40 í árslok 2024, sem við fögnum svo sannarlega.

Í lok ársins var ljóst að þjónustu og öryggisbátur Sæfara var kominn að lokum starfsemi sinnar og afráðið var að fjárfesta í nýjum bát. Guðni Páll formaður hafði veg og virðingu af vali á bát og valdi hann bát frá Hafsport sem kom til félagsins á nýju ári. Báturinn mun nýtast barnastarfi vel, en einnig björgunarstörfum á pollinum. Starfsmenn siglinganámskeiðs hafa þurft að fara í ófár björgunarferðir eftir ferðamönnum skemmitferðaskipa sem hafa farið í kayak ferðir á pollinum og velt bátum sínum. Það er okkur mikið mál að ekki verði alvarleg slys á pollinum því slíkt myndi ekki eingöngu hafa slæm áhrif á ferðapjóna heldur einnig Sæfara. Því er það okkur mikið mál að öryggi á pollinum sé til staðar.

Húsnæðismál félagsins eru en ekki kominn í ljós og félagið ekki með aðstöðusamning um húsnæðið. Þetta er víst ekki einsdæmi og er það miður.

Við erum bjartsýn fyrir starfsemi næsta árs og vonum að starf okkar haldi áfram að blómstra og veita bæjarbúum gleði og ánægju. Það er fátt ánægjulegra en góð stund út á sjó.

Stjórn Sæfara